

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að flýta innleiðingu snjalltækni í starfsemi borgarinnar

Borgarstjórn samþykkir að Reykjavíkurborg beiti sér fyrir því að innleiða snjalltækni á öllum sviðum starfsemi sinnar. Aukinn kraftur verður settur í innleiðingu velferðartækni, notkun fjarkennslu eflað og stjórnsýslan nýti tækni til að auka skilvirkni og hagræða í rekstri. Áform hafa verið uppi að auka notkun tæknilausna í stjórnsýslunni, velferðarþjónustu og kennslu á ýmsum stigum síðustu misserin. COVID-19 faraldurinn hefur flýtt innleiðingu tæknilausna á öllum sviðum þar sem stórir hópar hafa þurft að nýta tækni á borð við fjarfundi, fjarkennslu og fjarþjónustu. Þessi skyndilega aukning á notkun tæknilausna felur í sér tækifæri til bættrar þjónustu og hagkvæmari rekstrar. Öllum sviðum borgarinnar verði falið að flýta innleiðingu tæknilausna í þessu sambandi.

Greinargerð:

Notkun á snjalltækni hefur aukist hratt á örstuttum tíma vegna COVID-19 faraldursins. Má hér nefna skólastarf sem víða hefur færst yfir í fjarkennslu. Þá er rétt að flýta innleiðingu á velferðartækni sem hefur verið í undirbúningi síðustu árin en tillaga Sjálfstæðisflokksins um innleiðingu og þróun velferðartækni var samþykkt í borgarstjórn í upphafi árs 2017.

Ákvarðanir varðandi rafræna stjórnsýslu og markvissa vistun og meðhöndlun gagna hafa þegar verið teknar að einhverju leyti. Munu þær auðvelda innleiðingu snjalllausna á næstu mánuðum. Mikilvægt er þó að innleiða söfnun rafrænna upplýsinga í vöruhús gagna (e. data warehouse) sem er í eigu Reykjavíkurborgar.

Þá eru mikil sóknarfæri í að nýta tæknina betur innan stjórnsýslunnar en á síðustu vikum hefur notkun fjarfundatækni margfaldast hjá stjórnsýslu borgarinnar og hjá dótturfélögum hennar. Þessi reynsla getur nýst í að stytta fundi, minnka ferðatíma og ferðakostnað bæði hérlendis sem og erlendis. Þá hefur þjóðin öll fengið skyndikúrs í nýtingu tölvutækninnar bæði í leik og starfi. Þannig hefur skapast einstakt tækifæri í að nýta þau sóknarfæri sem COVID-19 krísan hefur skapað til að flýta fyrir innleiðingu stafrænnar þjónustu, snjalltækni og samskipta. Þessi reynsla mun auðvelda innleiðingu á stafrænni þjónustu borgarinnar.

Á síðasta ári tóku gildi skipulagsbreytingar í stjórnsýslu borgarinnar með áherslu á aukna notkun tækninnar en nú hefur aukin notkun snjalltækninnar, bæði meðal starfsmanna og íbúa Reykjavíkurborgar stóraukið möguleika á að hraða því ferli. Sem dæmi má nefna þurfa skipulags- og byggingarmál, umsóknir, eyðublöð og teikningar að vera miklu stafrænni en nú er. Þá var samþykkt samhliða breytingum á stjórnkerfi borgarinnar að rafrænni stjórnsýslu yrði gert hærra undir höfði. Dæmi um velheppnaða rafræna stjórnsýslu er nýtt rafrænt umsóknarferli fjárhagsaðstoðar.

Hér er lagt til að flýta innleiðingu tæknilausna á öllum sviðum þar sem stórir hópar hafa þurft að nýta tækni á borð við fjarfundi, fjarkennslu og fjarþjónustu í tengslum við COVID-19 faraldurinn.